

Ár 1980, þriðjudaginn 5. febrúar, var í málinu nr. 10/1979
kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 13. júní 1979, kærði
Hörður Einarsson, hæstaréttarlögmaður, til Yfirfasteignamatnefndar
út af álagningu fasteignaskatts á nokkrar fasteignir Rafveitu Siglu-
fjarðar í Holtshreppi, Skagafjarðarsýslu. Í bréfinu er um kæruefni
vísað til bréfs lögmannsins til hreppsnefndar Holtshrepps. Bréfið
fylgdi í afriti og hefur samkvæmt því verið dagsett 14. desember
1978. Samkvæmt þessum gögnum er kærán tvíþátt. Í fyrsta lagi er
kært út af því, að 50% álag á fasteignaskatt hafi verið lagt á eignir
Rafveitu Siglufjarðar í Holtshreppi en ekki á aðra gjaldendur.
Í öðru lagi er kært út af því, að 50% álag hafi verið lagt á álagðan
4% hlunnindaskatt samkv. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekju-
stofna sveitarfélaga. Samkvæmt upplýsingum Harðar Einarssonar tekur
þessi síðari liður kærunnar til eftirtalinna fasteigna: Bakka,
Berghyls, Berglands, Hólakots, Skeiðs og Stóru-Þverár. Fyrri liður
kærunnar tekur auk síðasttalinna eigna einnig til tveggja íbúða að
Skeiðsfossi, mótornúss, geymslu, útilúss, rafstöðvarhúss, stíflu,
háþrýstivatnspípu, vatnsmiðlunarskurðar og útvirkis.

Í greinargerð Holtshrepps frá 15. janúar 1980 er því eindregið
haldið fram, að 50% álag hafi verið lagt á fasteignaskatt allra
gjaldenda. Um álagninguna segir meðal annars svo:

" Álagningin var framkvæmd þannig, að til grundvallar álagningar
var fasteignamat eins og það birtist í fasteignamatbók 1975 útgefin
af Fasteignamati ríkisins.

Eftirfarandi álagsprósenta var notuð við álagninguna.

Á land, íbúðarhús, útilhús var álagsprósenta	0.5%
Hlunnindi í eigu utansveitarmanna	4.0%
Aðrar fasteignir í hreppnum	1.0%

Þegar búið var að leggja á samkvæmt þessu var notuð heimild um
50% álag á alla skatta í hreppnum (það er að segja fasteignaskatta)!

Samkvæmt framansögðu deila aðilar um, hvort 50% álag á fasteignaskatt
hafi verið lagt á fasteignir Rafveitu Siglufjarðar einar.


Úr því deiluatríði verður ekki skorið hér, en eftir atvikum þykir rétt
að taka afstöðu til þeirrar spurningar, sem kærandi hefur lagt fyrir
nefndina. Verður að telja ljóst, að óheimilt sé að leggja 50% álag
á fasteignir eins gjaldenda, ef slíkt álag er ekki lagt á skatt af eignum
annarra aðila. Slík mismunun fer í bága við almennar stjórnsýslureglur,
og 3. gr. laga nr. 8/1972 heimilar aðeins mismunandi álag eftir
mismunandi tegundum eigna, þ.e. eigna tilgreindra í a-lið 3. gr.
annars vegar og eigna tilgreindra í b-lið sömu greinar hins vegar.


Að því er varðar annan lið umræddrar kæru, þá er ljóst, að laga-
heimild brestur til álags á 4% hlunnindaskatt þann, er greinir í
4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972.


ÚRSKURÐARORÐ:

Heimild til mismunandi álags á fasteignaskatt samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga er takmörkuð við flokkun eigna samkvæmt a-lið 3. gr. annars vegar og b-lið sömu lagagreinar hins vegar.

Óheimilt er að ákveða álag á 4% hlunnindaskatt samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972.


Gaukur Jörundsson.


Pétur Stefánsson.


Jón Þórsteinsson.